



FFSÍ

FARMANNA- OG FISKIMANNASAMBAND ÍSLANDS

Grensásvegi 13 - 108 Reykjavík - Sími 520 1281 - Fax 520 1289

Alþingi

Erindi nr. Þ 139/1689

komudagur 14.3.2011



Félag skipstjórnarmanna

Grensásvegi 13 • 108 Reykjavík • Sími 520 1280 • Bréfasími 520 1289 • Netfang: skipstjorn@skipstjorn.is
Vefsíða: www.skipstjorn.is • Skipagötu 14 • 600 Akureyri • Sími 520 1290 • Bréfasími 462 5251

Nefndasvið Alþingis

Samgöngunefnd

Austurstræti 8-10

150 Reykjavík.

Efni: Frumvarp til laga um áhafnir íslenskra fiskiskipa, varðskipa, skemmtibáta og annarra skipa

(skipstjóraréttindi innanlands) 278.mál.

Í 4.gr. laga nr. 30/2007 er kveðið á um að menntun og þjálfun áhafna skipa annist skólar sem uppfylla kröfur alþjóðasamþykktarinnar. Til að uppfylla kröfur viðkomandi samþykktar þurfa viðkomandi skólar að standast ákveðnar kröfur IMO (Alþjóða Siglingamálastofnunar). Með því að uppfylla þær kemst viðkomandi skóli á svonefndan hvítlista. Það tók langan tíma og mikla fyrirhöfn að koma okkar Stýrimannaskóla inn á þennan lista. Í lögum 30/2007 er ekkert sem mælir gegn því að hluti náms sé stundaður í einstökum byggðarlögum utan höfuðborgarinnar, enda sé slíkt nám skipulagt og framkvæmt undir eftirliti og í samvinnu við þann skóla sem uppfyllir skilyrði alþjóðasamþykktarinnar. Þess konar fyrirkomulag hefur a.m.k. einu sinni verið notað og til stóð að endurtaka það en ekki fengust nægjanlega margir nemendur.


Með tilliti til ofanritaðs er það skoðun Félags skipstjórnarmanna og Farmanna-og fiskimannasambands Íslands að frumvarpið sé með öllu óþarft.

Rétt er að benda á að sú fullyrðing sem fram kemur í greinargerð frumvarpsins um að þorri íslenskra skipstjóra hafi hlotið skipstjórnarréttindi sín við álíka námsfyrirkomulag og frumvarpið stefnir að er fullkomlega röng og með ólíkindum að 20 alþingismenn séu tilbúnir að leggja nafn sitt við slík ósannindi og lýsir vonandi ekki hugarþeli sömu manna til íslenskra skipstjórnarmanna.

Reykjavík 11.mars 2011.

Virðingarfyllt

F.h. Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og Félags skipstjórnarmanna



Árni Bjarnason



Guðjón Ármann Einarsson